




# ÁRSSKÝRSLA

2022

HJÁLPARSVEITIN TINTRON



Innihald


Skýrsla stjórnar ........ 4

Stjórn. ........ 5

Skoðunarmenn reikninga ........ 5

Uppstillingarnefnd ........ 5

Tækjamál og húsnæði. ........ 6

Húsnæði ........ 6

Flugeldaskúr ........ 6

Tinni 1 ........ 6

Tinni 2 ........ 6

Tinni Snjóbíll ........ 7

Tinni vörubíll ........ 7

Tinni bátur ........ 7

Fjáraflanir. ........ 7

Starf sveitarinnar ........ 8

Útköll. ........ 8

Ársreikningur 2022 ........ 10

## Skýrsla stjórnar

Starf stjórnar og sveitarinnar var með eðlilegum hætti eftir 2 starfsár vegna Covid. Mikil gróska er í sveitinni og er áhugi félagsmanna til þess að eflast og stækka.
Fjöldi félaga á útkallsskrá er 28 og skráðir félagar í félagatali eru 82.
Á hverju miðvikudagskvöldi hittast félagar í húsi sveitarinnar að Hraunbraut 2.

Árið byrjaði með krafti eftir mjög góða flugeldasölu áramótin 2021 og 22 og var mikill hugur í félagsmönnum að efla starfið og nota nýja Tinna 2 bílinn sem var afhentur sveitinni í desember 2021. Farið var í þónokkrar æfingaferðir og er mikil ánægja með nýja bílinn.
Félagar að frumkvæði gjaldkera hafa verið duglegir að endurnýja innanstokksmuni og gera félagsaðstöðuna okkar vistlegri og endurbæta milliloft í tækjasal. Þónokkur verkefni eru þó eftir og hvetjum við félaga til þess að hafa samband við gjaldkera ef þeir hafa áhuga á einhverjum verkefnum.
Aðalfundur sveitarinnar var haldinn 20. apríl 2022. Farið var yfir ársskýrslu stjórnar og ársreikninga. Breytingar á stjórn urðu þannig að Jón Þorkell lét af stjórnarsetu og Antonía Helga tók hans stað. Varamenn í stjórn voru kosnir Jón Þorkell og Snorri Freyr. Á miðju tímabili hætti Björn í stjórn og tók Snorri Freyr hans stöðu.
Eldgos á Reykjanesi hafa verið stór partur af starfi sveitarinnar síðan byrjaði að gjósa í Fagradalsfjalli en félagar hafa sótt þangað gífurlega reynslu og fjármuni til sveitarinnar í gegnum Almannavarnakerfið sem hafa verið nýttir í búnaðarkaup fyrir félagsmenn og endurnýjun á búnaði sveitarinnar.
Unglingastarfið hefur gengið vel í vetur en Anna María Daníelsdóttir tók við sem umsjónarmaður unglingadeildar í haust og hafa 3 til 6 unglingar úr Kerhólsskóla tekið þátt í starfi unglingadeildarinnar sem er samstarfsverkefni Tintron, Björgunarsveitarinnar Ingunnar á Laugavatni og Björgunarsveitarinnar Biskups í Reykholti.
Á 17. Júní fékk sveitin viðurkenningu frá starfshópi Heilsueflandi Samfélags í GOGG, en viðurkenninguna fékk sveitin fyrir viðburði fyrir íbúa sveitarfélagsins sem hafa hingað til verið, Fyrstu hjálpar námskeið, Skipulagðar gönguferðir og nú síðast námskeiðið Sálræn fyrsta hjálp.
Við erum einnig heppin að vera með 2 hunda í okkar röðum. Brá er með próf í víðivangsleit og í þjálfun í snjóflóðaleit og Tinni sem nýjasti félaginn okkar er í þjálfun bæði í snjóflóða og víðivangsleit. Hafdís og Elín hafa unnið ótrulega flott og mikið starf í þágu sveitarinnar.

Hjálparsveitin Tintron er í sókn og mikilvægt að halda vel utan um starfið og félagana næstu mánuði og ár því ekki er gefið að starfið sé svona öflugt eins og það er hjá okkur í dag. Mikilvægt er fyrir okkur að hafa öflugan samstarfssamning við Grímsnes- og Grafningshrepp, án hans værum við ekki komin svona langt á veg í að vera „öflugasta sveitin í Uppsveitum".
Stjórn Tintron vill þakka öllum félögum sem hafa komið að starfinu fyrir óeigingjarnt starf í þágu sveitarinnar. Eins þökkum við öllum þeim aðilum sem hafa styrkt sveitina vel fyrir.

Fyrir hönd stjórnar Tintron
Jakob Guðnason - varaformaður

Antonía Helga Guðmundsd.
Jón Þorkell Jóhannsson
Jóhannes Þ. Guðmundsson

## Stjórn.

**Formaður**
Jóhannes Þórólfur Guðmundsson

**Varaformaður**
Jakob Guðnason

**Gjaldkeri**
Patrik Thor Reynisson

**Ritari**
Snorri Freyr Ásgeirsson

**Meðstjórnandi**
Antonía Helga Guðmundsdóttir

**Varamenn**
Jón Þorkell Jóhannsson

## Skoðunarmenn reikninga

Baldur Sigurjónsson
Þorkell Þorkelson

## Uppstillingarnefnd

Steinar Hermansson
Sigurjón Þór Þrastarson
Vignir Guðnason



# Tækjamál og húsnæði.

## Húsnæði

Hjálparsveitin Tintron á sitt eigið húsnæði að Hraunbraut 2 á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gafl húsnæðisins var endurnýjaður á árinu og verður það klárað næsta sumar að setja upp stiga og svalir fyrir neyðarútgang. Hjartastuðtæki sem var gjöf frá Kvenfélagi Grímsness og Lionsklúbbnum Skjaldbreið er nú staðsett í húsinu.
Húsnæði sveitarinnar er of lítið og eru formaður og varaformaður í viðræðum við sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshrepp um framtíðarhúsnæði sveitarinnar.

## Flugeldaskúr

Sveitin á flugeldaskúr sem eru 2 gámaeiningar festar saman á heysisgrind.

## Tinni 1

Tinni 1 er Toyota Land Cruiser árgerð 1997 .
Upphaflega var bílnum breytt fyrir 44" dekk en nú er hann kominn á 46" dekk. Bíllinn fór í yfirhalningu á Ljónsstöðum á árinu og kom mun betur út eftir það.



**Tetra og VHF, GPS, spjaldtölva, 4g internet, úrhleypibúnaður, dráttarspil, sjúkrabúnaður, börur, teppi, verkfæri, skóflur, drullutjakkur, sprungubjörgunarbúnaður**
**Ofurjeppi með mikla reynslu. Hefur bæði farið á Suðurskautið og Grænlandsjökul**

## Tinni 2

Tinni 2 kom nýr í desember 2021 og er 40" breyttur Land Cruiser 150. Bílnum var breytt af Arctic Trucks. Búnaður – Spil, kastarar, þokuljós, vinnuljós, blá og gul blikkljós, sírena, Tetra og VHF talstöðvar, GPS, spjaldtölva, 4G router, úrhleypibúnaður, driflæsingar, OME Bypass fjöðrunarbúnaður, snorkel, aukatankur.



## Tinni Snjóbíll

Tinni Snjóbíll er Hagglund BV206 sem keyptur var af Landsvirkjun á sínum tíma. Nokkur vinna er eftir að snjóbíllinn verði 100% tilbúinn en mikill tími hefur farið í hann í sjálfboðavinnu til þess að gera hann klárann í allt. Snjóbíllinn er útkallshæfur.



## Tinni vörubíll

Tinni vörubíll er Mercedes Benz árgerð 1987. Bíllinn er notaður til að flytja snjóbílinn í útköll og ferðir.



## Tinni bátur

Tinni bátur er Zodiac með 40 hestafla Yamaha utanborðsmótor. Bátakerran var máluð í appelsínugulu og svörtu ásamt því að kerra og bátur fengu battenburg endurskyn og merkingu.



## Fjáraflanir.

Sjaldan hafa fjáraflanir sveitarinnar gengið jafn vel og á árinu 2022. Flugeldasalan 2021 og 2022 var góð ásamt því að sala Neyðarkallsins fór fram úr björtustu vonum. Nýjung varð þegar sveitin hélt Pub Quiz í Félagsheimilinu Borg og fékk Magnús Kjartan til þess að spila tónlist.

## Starf sveitarinnar.

***( öll miðvikudagskvöld eru vinnukvöld og eru þau ekki á þessum lista)***

- 6. Janúar Þrettándasala flugelda á Selfossi
- 21. Janúar Ný heimasíða www.tintron.is fór í loftið
- 29. Janúar Ferð á Langjökul og íshelli við Skálpanes
- 2. Mars Öskudagurinn opið hús fyrir sönglaða krakka GOGG
- 18. Mars Tækjamót Landsbjargar
- 8. Apríl 35 ára afmæli Hjálparsveitarinnar Tintron
- 2. Apríl Páskaeggjaleit á Borg fyrir íbúa GOGG
- 20. Apríl Aðalfundur Tintron
- 1. Maí Æfingaferð á Langjökul
- 21. Maí Björgunarhundaæfing
- 4. Júní Bátagæsla á Álftavatni fyrir Landsbankann
- 9. Júní Æfingasigling á Sogi á milli Ljósafoss og Ýrafoss
- 17. Júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga, Tintron fékk viðurkenningu fyrir þáttöku í Heilsueflandi Samfélagi
- 28. Júní Sigling með Vegagerðinni í Sogi
- 14. Júlí Straumvatnsæfing í Tungufljóti
- 4. Ágúst Eldgos
- 6. Ágúst Grímsævintýri á Borg
- 19. Ágúst Námskeið Björgunarhundasveitar Íslands í víðavangsleit
- 4. September Gróðursetning rótarskota í Yndisskógi á Borg
- 9. September Heimsókn unglingadeildar Kerhólsskóla til Tintron
- 13. Október Gafl húsnæðis Tintron rifinn
- 14. Október Pub Quiz og Magnús Kjartan í Félagsheimilinu Borg
- 20. Október Björgun í Hörpu
- 3. Nóvember Neyðarkallasala
- 20. Nóvember Minningardagur umferðaslysa við Kögunarhól
- 29. Desember Flugeldasala opnuð á Selfossi

## Útköll.

Farið í 36 útköll á árinu. Þau útköll sem eru merkt með * stóðu í meira en sólarhring

- 4. Janúar F1 Gulur, Fall í Öxarárfossi
- 29. Janúar F1 Gulur, Vélsleðamaður úr axlarlið
- 3. Febrúar F2 Rauður, Leit að TF ABB við Þingvallavatn *
- 5. Febrúar F3 Gulur, Óveður í Árnessýslu *
- 14. Febrúar F2 Gulur, Týnd kona á Lyngdalsheiði
- 15. Febrúar F1 Rauður, Barn í sprungu á Þingvöllum
- 19. Febrúar F3 Grænn, Ófærð í Árnessýslu, lokun *
- 20. Febrúar F3 Grænn, Lokun Lyngdalsheiði
- 21. Febrúar F3 Grænn, Fastir bílar á Hellisheiði
- 21. Febrúar F1 Grænn, Sjúkraflutningur fyrir HSU
- 22. Febrúar F3 Gulur, Fastir bílar í Þrengslum
- 23. Febrúar F2 Gulur, Aðstoð við sjúkraflutninga Syðri-Brú
- 23. Febrúar F2 Gulur, Vandamál á Hellisheiði
- 25. Febrúar F3 Grænn, Lokun Lyngdalsheiði
- 27. Febrúar F3 Gulur, Fastir bílar á Lyngdalsheiði við Kringlumýri

- 14. Mars F2 Rauður, Neyðarkall frá Sendi á Fjallabaki *
- 17. Mars F4 Grænn, Losa fasta bíla í Grímsnesi
- 24. Mars F2 Rauður, Leit að 10 ára barni
- 16. Apríl F2 Rauður, Leit að alzheimer einstakling
- 21. Apríl F2 Gulur, Leit milli Reykjadals og Nesjavalla
- 23. Maí F2 Gulur, Vélarvana bátur á Þingvallavatni
- 5. Júní F2 Rauður, Einstaklingur villtur í þoku við Hengil
- 18. Júní F3 Grænn, óveður í Grímsnesi
- 26. Júní F3 Gulur, Aðstoð við böruburð á Þingvöllum
- 29. Júní F2 Gulur, Vélarvana bátur á Þingvallavatni
- 10. Júli F2 Gulur, Örmagna göngufólk á Laugaveginum
- 24. Júlí F1 Rauður, Einstaklingur í Brúará
- 3. Ágúst F2 Rauður, Eldgos á Reykjanesi *
- 22. Ágúst F3 Grænn, Örmagna einstaklingur við Hlöðufell
- 8. September F2 Gulur, Týndur einstaklingur við Kerlingafjöll
- 13. September F2 Gulur, Leit að 14 ára barni í Garðabæ
- 13. September F2 Gulur, Maður fastur á mótorhjóli í Tungufljóti
- 5. Október F2 Gulur, Leit að manni
- 17. Desember F3 Grænn, Óveðursaðstoð í uppsveitum Árnessýslu
- 18. Desember F3 Grænn, Sækja sjúkling í sumarbústað
- 19. Desember F2 Gulur, Óveðursaðstoð og ófærð í Árnessýslu
- 25. Desember F2 Rauður, Leit að gangandi ferðamönnum í Reynishverfi





# Ársreikningur 2022

**Hjálparsveitin Tintron kt. 490487-1319.**

**EFNISYFIRLIT**


**ÁRITUN** ........................................ 3

**REKSTRARREIKNINGUR** ........................................ 4

**EFNAHAGSREIKNINGUR** ........................................ 5-6

**SKÝRINGAR** ........................................ 7-8

Hjálparsveitin Tintron kt. 490487-1319.

## ÁRITUN

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings Björgunarsveitarinnar Tintron fyrir árið 2022, en hann hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar 1-5.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga, með það að markmiði að aðstoða stjórnendur félagsins við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem ég hef yfirfarið.

Stjórn félagsins ákvað að endurmeta eignir þess. Hraunbraut 2 er tilfærð á gildandi fasteignamati. Aðrar eignir eru metnar á raunhæfi söluverði í árslok. Engar afskriftir tilfærðar á árinu 2022.

Ég legg til að bókhald félagsins fyrir árið 2023 verði fært hjá Kjarnabókhaldi ehf. Selfossi. Undirritaður hefur þegar rætt við Jón Bergsson eiganda félagsins og er hann reiðubúinn til að taka að sér verkefnið.

Selfossi, 4. apríl 2023.

______________________
Hlöðver Örn Rafnsson

Þorkell Þorkelsson

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | |
| Sala | 1 | 24.150.498 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | |
| Vörunotkun | 2 | 3.648.452 |
| Bifreiðakostnaður | 3 | 6.349.060 |
| Annar kostnaður | 4 | 11.128.446 |
| | | 21.125.958 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði** | | 3.024.540 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):** | | |
| Vaxtatekjur | | 30.067 |
| Vaxtagjöld | | (166.637) |
| | | (136.570) |
| **Hagnaður ársins** | | 2.887.970 |

## EFNAHAGSREIKNINGUR

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **EIGNIR:** | | |
| **Fastafjármunir:** | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | |
| Hraunbraut 2 | | 16.350.000 |
| Bifreiðar og tæki | 4 | 31.863.996 |
| Aðrar eignir | 5 | 4.500.000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 52.713.996 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Birgðir | | 2.000.000 |
| Skammtímakröfur: | | |
| Viðskiptakröfur | | 422.000 |
| Ríkissjóður | | 6.682.198 |
| Handbært fé | | 2.872.446 |
| Veltufjármunir | | 11.976.644 |
| **EIGNIR ALLS** | | 64.690.640 |

## 31. DESEMBER 2022

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:** | | |
| **Eigið fé:** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 4 | 59.966.165 |
| **Skuldir:** | | |
| Landsbjörg | | 2.575.550 |
| Virðisaukaskattur | | 428.891 |
| Ergó fjármögnun | | 1.720.034 |
| **Skuldir** | | **4.724.475** |
| **EIGIÐ FE OG SKULDIR ALLS** | | **64.690.640** |

## SKÝRINGAR

**1 Sala**

| | |
|---|---|
| * Seldir flugeldar | 7.647.989 |
| Landsbjörg/Gogg | 4.655.307 |
| Neyðarkallasala | 4.025.765 |
| Þjónustuverkefni | 5.707.574 |
| Dósasöfnun og aðrar tekjur | 2.113.863 |
| | **24.150.498** |

**2 Vörunotkun**

| | |
|---|---|
| Birgðir 1. janúar 2022 | 500.000 |
| * Vörukaup ársins | 5.148.452 |
| -birgðir 31. desember 2022 | (2.000.000) |
| | **3.648.452** |

**3 Bifreiðakostnaður**

| | |
|---|---|
| Eldsneyti | 1.123.372 |
| Tinni 1 | 2.045.902 |
| Tinni 2 | 516.056 |
| Tinni 3 | 2.331.857 |
| Tinni 4 | 331.873 |
| | **6.349.060** |

**3 Annar kostnaður**

| | |
|---|---|
| * Viðhald á flugeldagámi | 498.743 |
| * Innréttingar | 213.747 |
| Hundahópur | 186.000 |
| Bílasalur | 678.336 |
| Straumvatnshópur | 26.288 |
| Búnaðarkaup | 1.248.594 |
| Félagar og félagsaðstaða | 768.339 |
| Námskeið | 50.398 |
| Búnaðarkaupareikningur félagsmanna | 137.582 |
| Skrifstofukostnaður | 291.700 |
| Endurbætur húsnæðis | 4.662.262 |
| Almennt viðhald húsnæðis | 323.977 |
| Rekstrarkostnaður húsnæðis | 1.250.143 |
| Ýmiss annar rekstrarkostnaður | 261.483 |
| Kostnaður við flugeldasölu | 524.239 |
| Fjármagnstekjuskattur | 6.615 |
| | **11.128.446** |

## SKÝRINGAR

**4 Bifreiðar og tæki**

| | |
|---|---|
| Toyota LC80 46" | 4.500.000 |
| Toyota LC150 40" | 16.963.996 |
| Högglund snjóbifreið | 9.000.000 |
| Benz vörubifreið | 1.250.000 |
| Vélsleðakerra | 150.000 |
| | 31.863.996 |

**5 Aðrar eignir**

| | |
|---|---|
| Sölugámur | 1.500.000 |
| Bátur, mótor og kerra | 1.500.000 |
| Búnaður | 1.500.000 |
| | 4.500.000 |

**4 Óráðstafað eigið fé**

| | |
|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 48.250.283 |
| Rekstrarhagnaður ársins | 2.887.970 |
| Endurmatshækkun fasteignar | 1.150.000 |
| Endurmat annarra eigna og leiðréttingar fyrri ára | 7.677.912 |
| | 59.966.165 |





HJÁLPARSVEITIN

TINTRON